

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 187 24. maí 1974 við l. nr. 32 20. apríl 1968, um eftirlit með framleiðslu og verslun með fóðurvörur.

Fylgirit III orðist svo:

Reglur um mat og flokkun á graskögglum og grasmjöli.

Eftirfarandi reglur gilda um útreikning á orkugildi grasköggla (grasmjöls), flokkun þeirra og merkingu:

1. Fóðurgildi reiknast út frá efnagreiningarniðurstöðum. Við útreikning á NKF í kg fóðurs eru notaðir eftirfarandi stuðlar:

% hráprótein	×	17
— hráfita	×	30
— tréni	×	4
— sterkja o. fl.	×	19

Ef finleikatala er hærrí en 2 í graskögglum, sem innihalda 28% tréni eða meira, bætist við útreiknað kg pr. ffe 0.2 kg.

Finleikatala segir til um kornastærð kjarnfóðurs. Eftir ákveðna meðferð fóðursins, sem ekki breytir kornastærð þess, er reiknuð út finleikatala frá 0 — 6 út frá sigtun gegnum mismunandi gróf sigti frá 0.15 — 4.5 mm.

Dæmi: Fari ekkert gegnum 4.5 mm sigti = finleikatala 6

Fari allt gegnum 0.15 mm sigti = finleikatala 0.

Sigtistærð sem nota þarf við mölun til að ná ákveðinni finleikatölu er háð eiginleikum hráefnisins. Ætla má að vð mölun hraðþurrkaðra grasa þurfi að nota 5 — 6 mm sigti til að fá finleikatöluna 2 eða minna.

(Í fóðri svína og fugla skal við orkuútreikning nota meltingartölur sem við eiga gagnvart þessum búfjartegundum og orkuútreikningur útfærður á sama hátt og í öðru kjarnfóðri).

2. Ef framleiðandi grasköggla hyggst við framleiðslu blanda öðrum fóðurtegundum í grasmjölið, skal hann tilkynna það Fóðureftirliti ríkisins (FR). Ef íblöndun er í þeim mæli að um verulega breytingu verði að ræða hvað efnasamsetningu og fóðurgildi varðar, að mati FR, skal taka framleiðslusýni bæði fyrir og eftir íblöndun.
3. Graskögglar skulu flokkaðir í 3 flokka eftir hrápróteininnihaldi framleiðslusýna og hver sekkur merktur þannig ásamt merki framleiðanda og framleiðsluártali.

A

GRASKÖGGLAR

15% hráprótein eða meira.

Sekkiannr.

B

GRASKÖGGLAR

10—14.9% hráprótein.

Sekkiannr.

C

GRASKÖGGLAR

9.9% hráprótein eða minna.

Sekkiannr.

Merking sekkja skal teljast gild þó lágmarkshráprótein í eftirlitssýnum reynist allt að 0.5% undir lágmarkstölu A eða B flokks.

4. Til að auðvelda þessa merkingu skal taka framleiðslusýni reglulega, hraða próteinákvörðun og tilkynna framleiðendum niðurstöður strax.

Að öllum efnagreiningum loknum og útreiknum fóðurgildis birtir FR niðurstöðurnar í Frey, ásamt sekkjanúmerum þeim, sem á bak við hvert framleiðslusýni eru, svo notandi fóðursins hafi aðgang að alhliða upplýsingum um það. Sama birtingarregla á við um annað kjarnfóður, sem fóðureftirlitið efnagreinir.

Með breytingu þessari er úr gildi numið fylgirit III reglugerðar nr. 187 24. maí 1974.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. júní 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Haukur Jörundarson.

AUGLÝSING

um smásöluálagningu á bóluefni og sermi.

Frá og með 1. júlí 1979 skal smásöluálagning á bóluefni og sermi til dýralækninga framleitt af Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum vera 25%. Óheimilt er að taka afhendingargjald fyrir þessi lyf.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. júní 1979.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ragnheiður E. Þórðardóttir.